

FUNDARGERÐ		Fundur Aðalstjórn Gróttu		1 (2)
Dags. fundar 03.02.2009	Tími 20:00 – 21:15	Staður Fundarherbergi Gróttu	Nr. fundar 002	
Fundarboðandi Gunnar Gíslason (GG)	Fundarritari Kristín Finnbogadóttir (KF)	Dags. 03.02.2009		
Fundarmenn		Afrit		
Frá Aðalstjórn, Gunnar Gíslason (GG), Guðrún Kaldal (GK), Hjalti Ástbjartsson (HA), Fimleikadeild; Jórunn Þóra Sigurðardóttir (JÞS), frá knattspyrnudeild; Hilmar Sigurðsson (HS), frá handknattleiksdeild; Rúnar Steinn Ragnarsson (RSR) Íþróttafulltrúinn Andri Sigfússon (AS) framkvæmdastjóri Kristín Finnbogadóttir (KF)				

Fundurinn	Ábyrgð	Lokið dags.
<p>Gunnar setti fundinn.</p> <p>Dagskrá fundarins.</p> <ol style="list-style-type: none"> Aðalfundir Glitnissamningur - Íslandsbanki Þjónustukönnun Yfirlit deilda Önnur mál <p>1. Aðalfundir.</p> <p>Aðalfundir deildar og aðalstjórnar verða allir sama dag, 10 mars nk. Fundirnir hefjast kl 18.00. Senda póst á alla formenn og minna á lög deilda. Gunnar hefur verið í sambandi við ÍSÍ til að fara yfir lög. ÍSÍ mun gefa endanlegt mat eftir aðalfundi.</p> <p>2. Glitnissamningur – Íslandsbanki.</p> <p>Hjalti, Gunnar og Ásthildur hafa verið í samnignaumræðum við Íslandsbanka. Glitningsamningi hefur verið sagt upp og er verið að bíða eftir nýjum samningi við Íslandsbanka sem mun verða töluvert lægri en Glitnissamningurinn.</p> <p>3. Þjónustukönnun.</p> <p>Hægt er að taka þátt í könnunninni fram til 4.febrúar. Nú þegar hafa um 300 svarað. Andri mun síðan setja svör inn í þar tilgert forrit og niðurstöður verða kynntar á heimasíðu félagsins og á aðalfundi 10.mars nk. Einnig munu niðurstöður verða kynntar til ÍTS.</p> <p>4. Yfirlit deilda.</p> <ol style="list-style-type: none"> Fimleikadeild. Fjölgun hefur verið í deildinni frá áramótum. Nýr strákahópur hefur verið settur og laggirnar og einnig einn nýr stelpuhópur. Gróttu mun halda FSÍ mót 14.febrúar og einnig Helló Kittý (fjáröflunarmót) mót 15.febrúar. Til stendur að meistarahópur fari til Ungverjalands í sumar (29.júní-10.júli) og er kostnaður við hvern iðkenda kr. 140.000.- . Það eru um 10 stelpur sem fara. Engin vorsýning verður hjá deildinni en innanfélagsmót verður í vor. Knattspyrnudeild. Vallarhúsið er langt komið og mun vonandi klárst um mánaðamótin mars/apríl. Stjórn deildarinnar hefur unnið mikið sjálf í ýmsu sem viðkemur húsinu eins og að afla húsgagna, tölvu, skilta o.fl. Kominn er vallarstjóri B. Jakob Stefánsson sem einnig er þjálfari 4.fl karla og aðstoðarþjálfari í mfl. Kristján Finnbogason er 		

Fundurinn	Ábyrgð	Lokið dags.
<p>búinn að skipta yfir í Gróttu og ætlar að spila með liðinu í sumar og einnig mun hann sjá um markmannspjálfun hjá 2.-5.flokks.</p> <p>c. Handknattleiksdeild. Breytingar hafa orðið í 4.fl karla og kvenna. Guðmundur Árni Sigfússon hefur tekið vð þjálfun á 4.flokki kk a-liði og Davíð Hlökkversson hættur. Gauti og Magnús Kári sem voru yfir þjáflun 4.flokkanna eru hættir, og er þetta eitthvað sem búið er að vera í bígerð síðan í desember. Það sem ber hæst hjá handboltanum er að mfl karla er að fara í undanúrslitaleik í Eimskipsbikarnum og 2 lið í 4.fl ka og kvk eru einnig á leið í undanúrslit. Fundur var haldinn með handboltastjórninni og aðalstjórn þar sem fram kom að skuldir mfl eru um 6.500.000.- - útstandandi eru um 1.000.000.- síðan er von á peningum inn fyrir bikarleiki og þorrablot.</p> <p>5. Önnur mál.</p> <p>Hjalti gjaldkeri aðalstjórnar mun hætta á næsta aðalfundi félagsins, einnig Áshildur Kristjánsdóttir ritari. Einnig verða breytingar hjá handknattleiksdeildinni. Unnur Halldórsdóttir formaður mun hætta og Eiríkur Elís Þorláksson kemur í staðinn.</p> <p>Hátíðarsalurinn kom til umræðu þar sem mfl ka og kvk í handbolta var að nota hann og var frágangur ferkar lélegur. Í framhaldi af því var ákveðið að deildir geta ekki notað salinn nema að ábyrgðamaður verði á staðnum sem sér til þess að gegið verði frá á viðunandi hátt.</p> <p>Fundur var haldinn með Hauki Geirmundssyni framkvæmdastjóra íþróttamiðstöðvarinnar og stafsólki hússins. Vonum við að það leiði af sér betri þrif á húsinu og umgengni af okkar hálfu.</p> <p>Stefnumótunarvinna – Guðrún mun stjórna henni með Andra og er stefnt á að klára hana fyrir 1.apríl.</p> <p>Akademía gengur vel – öruggt að framhald verði á þessu samstarfi Gróttu og Vahússkóla. Gauti er að vinna að námsefni fyrir fagið.</p> <p>Partille Cup - sjá meðfylgjandi skjal.</p> <p>Reyna að fá teygjunámskeið – tala við Gauta</p> <p>Gauti Grétarsson afhenti Gróttu til varðveislu handboltabókasafn sem hann og Jóhann Ingi hafa safnað saman – bestu þakkir fyrir það.</p> <p>Fram kom á fundinum hvort við Gróttu ætti að halda framkomunámskeið nk. haust. – Ath. með Gunnar Hanson</p> <p>Íþróttamaður Seltjarnarness verður í næstu viku. Allar deildir eru búnar að skila af sér til Hauks Geirmundssonar vegna þess.</p>		